

Foreldrakönnun

Núna liggja fyrir niðurstöður úr könnuninni sem gerð var í vor.

Því miður svöruðu aðeins 50% af foreldrum:

Í Kattholti svöruðu 8 foreldrar af 23

Í Sjónarhóli svöruðu 13 foreldrar af 24

Í Ólátagarði svöruðu 11 foreldrar af 21

Í Hálsaskógi svöruðu 9 foreldrar af 21

Í Undralandi svöruðu 11 foreldrar af 18

Í langflestum tilfellum svarar móðir könnuninni 70% tilfella. Rúmlega 91% segja að mjög vel eða vel sé staðið að aðlögun barns í leikskólann, sama hlutfall á við um flutning á milli deilda. 83% foreldra finnst mjög vel eða vel tekið á móti barninu og 81% foreldra finnst barnið kvatt mjög vel eða vel þegar barnið fer heim í lok dags. 81% foreldra finnst dagleg samskipti við starfsmenn mikilvægast í samstarfi við leikskólann. 89% eru mjög ánægð eða ánægð með þær væntingar sem það hafði til leikskólans. 87% eru mjög ánægð eða ánægð með þá umönnun sem barnið fær í leikskólanum. 91% finnst auðvelt eða nokkuð auðvelt að ná tali af deildarstjóra eða leikskólastjóra. 70% eru mjög ánægð eða ánægð með innihald foreldrasamtala. 71% hafði kynnt sér námskrá leikskólans og 54% starfsáætlun skólans. Flestum foreldrum finnst mikilvægast að börnin læri góð samskipti í leikskólanum, efli félagsfærni sína, verði sjálfstæð, læri að fara eftir reglum og beri virðingu fyrir öðrum. Í heildina getum við verið ánægð með niðurstöðurnar en við getum gert betur á nokkrum stöðum. Við munum skoða allar niðurstöður á hverri deild og sjá hvað má betur fara og læra af. Þátttaka foreldra hefði mátt vera miklu betri til að fá raunhæfari niðurstöðu.

Við þökkum þeim sem svöruðu.